

**237. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 17. desember 2024 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad varamaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2006313 - Skammtímadvöl - könnun**

Í september sl. bókaði velferðar- og mannréttindaráð um að óskað yrði eftir því við umhverfis- og skipulagsráð að fundin verði hentug lóð fyrir skammtímavistun fyrir fötluð börn.

Var málið einnig tekið upp á samráðsvettvangi stjórnenda í Velferðarþjónustu á Vesturlandi og einhugur um í þeim hópi að sveitarfélögin nálgist uppbyggingu skammtímadvalar í sameiningu. Óskað er eftir afstöðu ráðsins til þeirrar nálgunar og að fenginn verði verkefnastjóri til að stýra þeirri vinnu.

*Velferðar- og mannréttindaráð er tilbúið til áframhaldandi samtals um uppbyggingu á sameiginlegri skammtímadvöl fyrir allt Vesturland. Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram með hópi stjórnenda í velferðarþjónustu á Vesturlandi. Ráðið leggur til að fenginn verði utanaðkomandi aðili til að greina þörf, áætla kostnað og skoða rekstrarform vegna skammtímadvalar á Vesturlandi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Kristinn H. Sveinsson  
Eindr. Brandsson  
Linn Skarlad  
Hildigunnur Árnadóttir  
Sveinborg Kristjánsdóttir*